

Ed.

504. Breytingartillaga

[204. mál]

við frv. til laga um ráðstafanir í efnahagsmálum og fjármálum til þess að stuðla að jafnvægi í þjóðarbúskapnum og treysta undirstöðu atvinnu og lífskjara.

Frá Geir Gunnarssyni.

Við ákvæði til bráðabirgða á eftir 12. gr. bætist nýr stafliður:

- d. Fyrir árslok 1975 skal fjármálaráðherra láta fara fram sem nákvæmasta könnun á framfærslukostnaði barna, þ. á m. hvernig honum er háttað eftir mismunandi aldri og fjölda barna í fjölskyldu, svo og hvort telja megi, að eðlilegt tillit sé tekið til þessa kostnaðar við álagningu skatta og ákvörðun tryggingabóta, sem greiddar eru vegna barna. Á grundvelli þessarar könnunar skal endurskoðuð upphæð barnabóta og frádráttur vegna barna við álagningu útsvara svo og upphæðir tryggingabóta sem greiddar eru vegna barna samkvæmt lögum um almannatryggingar.

Frumvörp um breytingar á þessum atriðum fyrrgreindra laga skulu lögð fyrir Alþingi sem fyrst eftir n. k. áramót, ef könnunin gefur tilefni til. Skýrsla um könnunina skal lögð fyrir Alþingi.